

STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR GARÐAÚÐUN

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna hollustuhátta, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum

1. Gildissvið og ábyrgð

		Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1	Starfsleyfi þetta gildir fyrir garðaúðun og fyrirtæki sem veita þjónustu sem felur í sér notkun á hvers kyns plöntuverndarvöru svo sem plöntulyfi, illgresiseyði eða stýriefni í atvinnuskyni við úðun garða og útivistarsvæða í einkaeign eða almenningseign, til þess að hefta vöxt, varna sýkingum eða skemmdum í gróðri af völdum hvers kyns lífvera eða til þess að stýra vexti plantna.	941/2002 7. gr.	
1.2	Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða, gilda um það viðeigandi starfsleyfisskilyrði.	941/2002 14. gr.	
1.3	Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækisins að öllu leyti, þar með talið að lögum og reglum sem gilda um starfsemina sé fylgt sem og kröfum heilbrigðiseftirlits.	941/2002 14. gr.	

2. Almenn skilyrði

		Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1	Sá einn má starfa í atvinnuskyni við úðun garða og útivistarsvæða í einkaeign eða almenningseign, sem er handhafi gilds notendaleyfis fyrir plöntuverndarvörum, gefnu út af Umhverfisstofnun. Skal viðkomandi framvísa gildu notendaleyfi þegar þess er óskað af viðskiptavinum og eftirlitsaðilum, til staðfestingar á því að hann búi yfir tilskilinni þekkingu til að stunda úðun garða.	980/2015 13. gr. og 5. gr.	
2.2	Ávallt skal gæta varúðar við meðferð varnarefna þannig að ekki valdi tjóni á heilsu eða umhverfi utan þess svæðis sem verið er að meðhöndla og skal leitast við að koma í veg fyrir neikvæð umhverfisáhrif. Sé þess kostur skal skipta út varnarefnum, sem eru talin geta haft í för með sér óæskileg áhrif á heilsu manna eða skaða	980/2015 4. gr.	

	umhverfið utan þess sem er verið að meðhöndla, fyrir hættuminni varnarefni. Varnarefnum skal einungis dreift á þau svæði sem meðhöndla skal.		
2.3	Plöntuverndarvara sem notuð er við úðun garða skal hafa leyfi til þess að vera á markaði hér á landi.	980/2015 13. gr.	
2.4	Óheimilt er að endurselja eða láta af hendi með öðrum hætti plöntuverndarvörur sem einungis eru ætlaðar til notkunar í atvinnuskyni, nema að hafa tilkynnt um markaðssetningu þeirra til Umhverfisstofnunar.	Efnalög 61/2013 24. gr.	

3. Meðferð varnarefna og flutningur

		Rgl.nr.	Uppfyllt
3.1	Varnarefni skal varðveita í umbúðum framleiðanda sem skulu vera merktar samkvæmt reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna, reglugerð nr. 544/2015 um plöntuverndarvörur og reglugerð nr. 980/2015 um meðferð varnarefna. Öryggisblöð á íslensku skulu vera aðgengileg með vörunum.	980/2015 17. gr. 415/2014 4.gr 544/2015 4.gr 888/2015 II. Viðauki	
3.2	Þeim sem starfa við garðaúðun ber að fylgja notkunarleiðbeiningum fyrir þær plöntuverndarvörur sem þeir nota.	980/2015 15. gr.	
3.3	Persónuhlífar, geymsla sem ætluð er til varðveislu á varnarefnum og búnaður sem notaður er til dreifingar á varnarefnum skulu vera viðurkennd af Vinnueftirliti ríkisins. Um annan búnað ber að fara að fyrirmælum heilbrigðiseftirlits.	980/2015 16. gr.	
3.4	Plöntuverndarvöru til almennrar notkunar skal geyma á tryggan hátt og þannig að hún séu aðskilin frá matvælum, dýrafóðri, lyfjum og snyrtivörum og þannig að óviðkomandi nái ekki til hennar. Plöntuverndarvara sem ætluð er til notkunar í atvinnuskyni skal geymd í læstum hirslum eða rými sem skulu greinilega auðkennd með viðeigandi varnaðarorðum eins og „Varúð“, eða „Eitur“. Eftir	980/2015 17. gr.	

atvikum skal aðgreina efni og efnablöndur í rýmum vegna mögulegrar hættu við blöndun þeirra.		
<p>3.5 Til leiðbeininga: Við flutning á plöntuverndarvöru hvort sem um er að ræða óblandaða lausn eða þynnta úðunarlausn skal hugað að eftirfarandi öryggisatriðum:</p> <p>a) Að festa tank tryggilega á flutningstæki.</p> <p>b) Að varðveita óþynnt úðunarefni og áhöld sem notuð eru við þynningu í læstum skáp, sem festur er á vel vörðum stað í flutningstæki.</p> <p>c) Að þétt skilrúm sé milli tanks og stjórnhúss flutningstækis.</p> <p>d) Að flutningstæki sé þannig merkt, að greinilega megi sjá að það flytji garðaúðunarefni til dæmis með áletruninni „Varúð-Garðaúðun“.</p>		

4. Varnaðarmiðar

	Rgl.nr.	Uppfyllt
<p>4.1 Áður en garðaúðun hefst skulu settir upp varnaðarmiðar á áberandi stað við alla innganga að því svæði er úða skal. Miðarnir skulu festir vandlega og letur þeirra skal vera þess eðlis að regn eyðileggi ekki lesmál þeirra á meðan að fyrirmæli sem þar koma fram gilda.</p>	980/2015 14. gr.	
<p>4.2 Eftirfarandi skal koma fram á varnaðarmiðum:</p> <p>a. Yfirskrift með stóru letri, er segir „Varúð – Garðaúðun“.</p> <p>b. Heiti plöntuverndarvörunnar sem notuð er og heiti virkra efna sem hún inniheldur.</p> <p>c. Hversu lengi garðurinn skuli lokaður allri annarri umferð en bráðnauðsynlegri.</p> <p>d. Tímasetning og dagsetning úðunar.</p> <p>e. Setningin: „Ekki skal neyta matjurta sem úði hefur borist á fyrr en að lágmarki * dögum eftir garðaúðun“.</p> <p style="padding-left: 40px;">* Hér skal tilgreina uppskerufrest þann sem gefinn er upp á umbúðum plöntuverndarvörunnar.</p> <p>f. Nafn, heimilisfang og sími þess aðila, er framkvæmir úðunina. Stærð varnaðar-miðans skal vera minnst 14,8 x 10,5 cm (A6), hvítur eða</p>	980/2015 14. gr.	

ljós grunnur með rauðum bókstöfum. Stærð bókstafa skal vera þannig að auðvelt sé að lesa það sem á miðanum stendur.		
---	--	--

5. Framkvæmd garðaúðunar

		Rgl.nr.	Uppfyllt
5.1	Áður en garðaúðun er framkvæmd skal handhafi notendaleyfis meta þörfina fyrir úðun. Telji hann ekki þörf á úðun eða einungis þörf á úðun einstakra plantna eða á einstökum svæðum, ber honum að upplýsa garðeiganda um það. Ef vafi leikur á um hvers kyns skaðvald er að ræða skal kalla eftir áliti viðeigandi sérfræðinga.	980/2015 15. gr.	
5.2	Áður en úðun hefst skal meta hættuna á því hvort úðinn berist annað en honum er ætlað. Tilkynna skal umráðendum aðliggjandi lóða við úðunarstað fyrirfram um fyrirhugaða úðun. Við framkvæmd garðaúðunar skal leitast við að gluggar séu lokaðir, þvottur sé ekki á snúrum og lausir hlutir séu þar sem ekki er hætt að úði berist á þá. Taka skal tillit til nágrannagarða og umferðar fólks um gangstéttir. Leitast skal við að framkvæma úðun þegar veður er nægilega kyrrt til þess að tryggt sé að sem minnstur úði berist út fyrir svæðið sem meðhöndla á, svo sem á matjurtir eða leiktæki barna.	980/2015 15. gr.	
5.3	Um blöndun úðunarefnisins skal fara eftir þeim fyrirmælum sem fram koma á leiðbeiningum umbúða. Óheimilt er að nota sterkari blöndu en þar er mælt fyrir um. Gæta skal þess að blanda ekki meira magn af úðunarefni en þörf er á. Sjá skal til þess að engir óviðkomandi komist í námunda við úðunarbúnaðinn og garðinn meðan á úðun stendur. Að úðun lokinni skal ganga tryggilega frá tækjum og úðunarefnum og skulu þau geymd í læstu geymsluhúsnæði þegar þau eru ekki í notkun, sé þess kostur. Ef ekki er unnt að geyma tækjabúnaðinn innandyra skal ganga þannig frá honum að óviðkomandi geti ekki komist í snertingu við úðunarefni.	980/2015 15. gr.	
5.4	Ef umbúðir rofna og umtalsvert magn plöntuverndarvöru berst út í		

<p>umhverfið skal tilkynna Neyðarlínunni um óhappið án tafar. Starfsleyfishafi skal hafa við höndina nauðsynlegan neyðarbúnað, hanska, skolvatn, ísogsefni, auka ílát, o.fl. og kunna að nota þau ef slys ber að höndum.</p>		
<p>5.5 Óheimilt er að nota dælu úðunarbúnaðarins sjálfs til þess að fylla á úðunartank beint úr ám eða vötnum. Óheimilt er að dreifa eða geyma plöntuverndarvöru á brunnsvæði og grannsvæði innan verndarsvæðis vatnsbóla.</p>	<p>980/2015 25.gr.</p>	

6. Förgun umbúða og losun plöntuverndarvara

	Rgl.nr.	Uppfyllt
<p>6.1 Óheimilt er að endurnota tómar umbúðir plöntuverndarvara. Skola skal tómar umbúðir og skolvatnið notað til þynningar í úðunarblöndu. Tómum umbúðum, óþynntum og þynntum úðunarefnum skal fargað í samræmi við upplýsingar á umbúðum, á uppfærðum öryggisblöðum, og í samræmi við ákvæði laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.</p>	<p>980/2015 19. gr. Lög nr. 55/2003</p>	
<p>6.2 Óheimilt er að hella úðunurvökva, óþynntum eða þynntum í niðurföll, ár, vötn eða sjó.</p>	<p>980/2015 19. gr.</p>	

7. Skráarhald um notkun plöntuverndarvara

	Rgl.nr.	Uppfyllt
<p>7.1 Þeir sem nota varnarefni í atvinnuskyni í landbúnaði og garðyrkju, þ.m.t. garðaúðun, skulu halda skrár í a.m.k. 3 ár aftur í tímann yfir plöntuverndarvörur sem þeir nota, þar sem fram kemur heiti vöru, notkunartími og skammtur, svæði sem var meðhöndlað og nytjaplanta sem varan var notuð á.</p>	<p>1107/2009 67. gr.</p>	
<p>7.2 Gera skal þessar upplýsingar tiltækar fyrir eftirlitsaðila sé þess óskað.</p>	<p>1107/2009 67. gr.</p>	

8. Viðurlög

	Rgl.nr.	Uppfyllt
<p>8.1 Brot á ákvæðum starfsleyfis getur varðað sviptingu starfsleyfis.</p>	<p>980/2015 31. gr.</p>	


<p>Með brot á starfsleyfi og málsmeðferð skv. því skal fara skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og efnalögum nr. 61/2013 og reglugerðum settum skv. þeim. Með mál út af brotum á gildandi lögum og reglugerðum skal farið að hætti laga um meðferð sakamála.</p>		
---	--	--

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Efnalögum nr. 61/2013, reglugerð nr. 980/2015 um meðferð varnarefna, reglugerð nr. 544/2015 um plöntuverndarvörur, reglugerð nr. 1007/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna, reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Atvinnugreinaflokkur (ISAT):

Reykjavík 10.06.2017



Kristín Linda Árnadóttir